


Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. september 2010  
Tilvísun: UST20100900037/hj

### Endurnýting á eftum úr iðnaði.

Vísað er í bréf Skipulagsstofnunar dags. 6. sept. sl þar sem óskað er umsagnar um hvort og á hvaða forsendum umrædd framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin gengur út á að koma upp tilraunastöð til að þróa tækni – og vinnslulausnir fyrir endurnýtingu á leysiefnum sem til falla sem aukaafurðir í ýmsum ferlum og fellst í að eyma viðkomandi blöndur. Starfsemin nær í fyrstu til lausna sem innihalda efni eins og acetonitríle, dimethyl sulfoxide og pyridine, og er áætlað að um 15- 40 tonn af hráefni falli til árlega. Fram kemur að fyrirtækið útilokar ekki að í framtíðinni verði unnið úr öðrum hráefnablöndum sem innihalda acetone og methanol.

Fyrirhuguð starfsemi verður í iðnaðarhúsi sem tiltækt er og er á skilgreindu iðnarsvæði við höfnina í Grindavík. Ekkert frárennsli verður frá sjálfri starfseminni nema kælivatn. Úrgangur sem fellur til innan tækjanna og er um 3% af því magni sem tekið er til vinnslu (500 – 1500 l) og verði fargað á viðurkenndan hátt t.d. með brennslu í sorpbrennslustöð.

Samkvæmt þeim lýsingum sem fram koma í greinargerðinni þá verður frárennsli frá vinnslusvæði aðskilið frá öðru frárennsli og leitt um olíuskilju og öryggisþró.

Umhverfisstofnun telur að framleiðslan eins og henni er lýst í greinargerðinni mun í ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif, og vekur jafnframt athygli á að kveðið verður nánar á um meðferð þeirra efna sem um ræðir í starfsleyfi.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á að svara erindinu.

Virðingarfyllst  
Helgi Jónsson  
ráðgjafi

Ólafur A. Jónsson  
deildarstjóri